

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1634*  
*komudagur 18.2.2013*

Alþingi  
Velferðarnefnd  
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 14. febrúar 2013  
Tilvísun: 2013010120BS/--

### **Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um velferðarstefnu og heilbrigðisáætlun til 2020**

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis frá 24. janúar 2013 þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020 (þskj. 604, 470. mál á 141. löggjafarþingi). Þau atriði áætlunarinnar, sem einkum varða starfssvið Persónuverndar, koma fyrir í köflum C.5 og C.7. Í kafla C.5 er m.a. lýst því markmiði að fyrir árslok 2015 skuli allar heilbrigðisstofnanir skrá sjúklingatengd atvik í rafrænan gagnagrunn embættis landlæknis. Þá er í kafla C.7 m.a. lýst þeim markmiðum að í ársbyrjun 2014 verði hafin innleiðing á samtengdri, rafrænni sjúkraskrá á landsvísu, sem og að almenningur skuli eiga kost á aðgangi að skilgreindum heilsufarsupplýsingum um sig sjálfan á rafrænan hátt fyrir árslok 2017.

Ekki kemur fram í þingsályktunartillögunni hvað átt sé við með sjúklingatengdum atvikum, en ætla má að átt sé við óvænt atvik sem valdið hafa eða valdið geta sjúklingum alvarlegu tjóni, sbr. 10. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu þar sem mælt er fyrir um tilkynningarskyldu um slík atvik til landlæknis. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. skulu þau skrásett og verður ráðið af umræddri þingsályktunartillögu að gert sé ráð fyrir að allar heilbrigðisstofnanir muni geti fært upplýsingar beint inn í rafræna skrá í stað þess að senda t.d. útfyllt eyðublað. Persónuvernd leggur áherslu á að við skráningu sé gætt að bæði meðalhófi og öryggi þannig að ekki séu m.a. skráðar frekari upplýsingar en nauðsynlegt er, aðgangur að skráðum upplýsingum sé afmarkaður við þá sem hans þurfa starfa síns vegna og gætt sé öryggis upplýsinga.

Hvað varðar samtengda, rafræna sjúkraskrá á landsvísu minnir Persónuvernd á ákvæði laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Í V. kafla þeirra laga er mælt fyrir um heimild til að samtengja sjúkraskrárkerfi fleiri en einnar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns. Þá er í VI. kafla laganna mælt fyrir um heimild til að koma á sameiginlegum sjúkraskrárkerfum fleiri en

einnar stofnunar eða starfsstofu. Framangreint er hins vegar bundið ýmsum skilyrðum, m.a. um rétt manna til að takmarka aðgang að upplýsingum um sig, sbr. 2. mgr. 13. gr., 19. gr. og 21. gr. laganna. Þá er ljóst að beita þarf ströngum ráðstöfunum til að tryggja upplýsingaöryggi. Persónuvernd leggur ríka áherslu á að við beitingu framangreindra heimilda til samtengingar sjúkraskrárkerfa og til gerðar sameiginlegra kerfa sé farið að þessum skilyrðum og kröfum. Þá er einnig lögð áhersla á að tryggja þarf nægilegt gagnaöryggi ef aðgangur manna að eigin sjúkraskrá, sbr. 14. gr. laga nr. 55/2009, verður veittur með rafrænum hætti.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við umrædda þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður Sv.' with a stylized flourish.

Þórður Sveinsson